


618


Kirkja vors Guðs er gamalt hús




1. Kirkj - a vors Guðs er gam - alt hús, Guðs mun þó bygg-ing ei hrynj -
 2. Herr - ann ei býr í hús - um þeim hag - leg er mann - a - verk þykj -
 3. Inn - i Guðs veg - legt er - um vér upp byggt af lif - and - i stein -



a. Guð er til hjálp - ar henn - i fús hvern - ig sem storm - arn - ir
 a, must - er - i gjörv - öll hér um heim himn - ann - a Drott - in ei
 um, skírn vor - a tál - laus trú ef er tengd við í kær - leik - a



dynj - a. Mann - virk - i ramm - gjörst féll - u fljótt, finn - ur enn
 lykj - a. Þó hef - ur bú - stað byggð - an sér bless - að - ur
 hrein - um. Jörð - inn - i þó að allr - i á að - eins vér



skjól - ið krist - in drótt Herr - ans í hús - in - u forn - a.
 Guð í ver - öld hér dýr - an, af duft - in - u reist - an.
 lifð - um tveir oss hjá bygg - i vor bless - að - i Drott - inn.

4. Hvar sem í náðarnafni Krists nokkrir í sameining biðja andans er friður æ þeim viss, orðin Guðs heilög þá styðja. Guð sjálfur er sem orð hans blíð alls staðar nærri' á hverri tíð náðþyrstum sálum að svala.

5. Hús þau er kirkjur köllum vér kær skulu' oss öllum þó vera. Frelsarinn börn svo faðmi' að sér foreldrar þangað þau bera. Guðs hús er þar og himnahlið, hefur þar sáttmál gjört oss við hann sem oss himinerfð gæddi.

6. Skírnarker minnir skýrt oss á skírnina' er náðinni heitir, altarið máltíð eins á þá andans er næringu veitir. Fögnuði með þar finnum vér frelsari vor að hjá oss er, miskunn hans sífellt hin sama.

7. Náðugi Guð, af náð veit þú nær sem að klukkurnar kalla, söfnuðir Krists í sannri trú safnist um veröldu alla, lát þá í anda son þinn sjá, sonar þíns kveðju heyrða fá: „Friður sé öllum með yður.“